

Skólareglur

1. grein

Skólareglum er ætlað að skapa starfsanda sem byggir á vellíðan, gagnkvæmri virðingu og samábyrgð allra í skólasamfélaginu. Þær skulu tryggja vinnufrið í kennslustundum, almenn mannréttindi og öryggi í samskiptum. Skólareglur taka til alls skólasamfélagsins og er öllum skylt að fara eftir þeim. Þær eiga við á skólatíma, í skólahúsnaðinu, mötuneyti, á skólalóðinni, í skólabílum og á ferðum sem farnar eru á vegum skólans.

2. grein

Almenn umgengni skal einkennast af umburðarlyndi, kurteisni og snyrtimennsku og virðingu fyrir eignarréttinum. Líta ber á vinnufrið í skólastofunni sem sjálfsögð mannréttindi. Jafnrétti og lýðræði skal haft að leiðarljósi. Öllum ber að vera stundvísir og ganga hljóðlega um húsakynni skólans.

3. grein

Tilkynna ber forföll samdægurs. Leyfi í 1-2 daga getur forráðamaður eða foreldri sótt um til umsjónarkennara eða ritara. Öll lengri leyfi þarf að sækja um skriflega til skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra. Þegar nemendur koma í skólann að nýju eftir veikindi þurfa þeir að hafa heilsu til að taka þátt í öllum námsgreinum samkvæmt stundaskrá og til að vera úti í frímínútum. Nemendur sem fá undanþágu frá íþróttum eða því að fara út í frímínútur þurfa að hafa læknavottorð.

4. grein

Nemendur 1.-7. bekkjar eiga að fara út í frímínútum. Engum nemanda er heimilt að fara út af skólalóðinni á skólatíma nema með leyfi starfsfólks. Virða ber eignarrétt íbúa svæðisins. Öllum nemendum ber að nota hjálm á hjóli, línuskautum, hlaupahjóli og öðrum samskonar leiktækjum. Nemendur mega koma á rafhlaupahjólum í skólann en notkun þeirra er ekki leyfð á skólatíma. Nemendum með tilskilin leyfi er heimilt að koma á skellinöðru / vélhjól í skólann en ekki er heimilt að nota vélhjól á skólatíma.

5. grein

Stuðla ber að heilbrigðum lífsháttum varðandi neysluvenjur, útivist og hreyfingu. Óheimilt er að vera með tyggjó, sælgæti eða gosdrykki nema með sérstöku leyfi. Neysla hvers kyns vímuefna er með öllu óheimil, þar með talið rafrettur, nikótínþúðar, tóbak og áfengi. Notkun farsíma er með öllu óheimil í kennslustundum. Nemendum 1.-7. bekkjar er óheimilt að nota símana á skólatíma og skulu þeir geymdir í skólatöskum þar til skóla lýkur. Nemendur 8.-10. bekkjar mega nota símana á skólatíma utan kennslustunda en þó ekki á skilgreindum símalausum svæðum og í matsal skólans. Ef símar eru notaðir í kennslustundum eða á skólatíma án leyfis verða þeir teknir í vörslu starfsfólks þar til skóladegi lýkur. Sömu reglur gilda um snjallúr sem eru með innbyggðum símum. Við

endurtekin brot á þessari reglu þurfa foreldrar eða forráðamenn að sækja síma / snjallúr barna sinna í skólann.

6. grein

Gengið er að því sem gefnu að nemendur komi í skólann til að læra og skal allt skólastarf miðast við það. Nemendum ber að sinna heimanámi skv. fyrirmælum kennara. Nemendur skulu hlýða fyrirmælum starfsfólks skólans.

7. grein

Skólinn tekur ekki ábyrgð á persónulegum munum nemenda og fjármunum. Tryggingar skólans bæta skaða sem rekja má til vanrækslu af hálfu skólans. Í þeim tilvikum sem nemendur slasast og þurfa á slysadeild á skólatíma greiðir skólinn fyrir fyrstu komu þangað.

8. grein

Umsjónarkennarar skulu kynna nemendum sínum skólareglur Hrafnagilsskóla sem og forráðamönnum/foreldrum.

9. grein

Gæta skal hófs við beitingu viðurlaga við broti á skólareglum. Viðurlög skulu til þess fallin að hvetja nemendur til bættrar hegðunar.

Veita skal nemendum stuðning sýni þeir af sér óæskilega hegðun og/eða slaka ástundun og leitast við að koma skólagöngu þeirra í viðunandi horf í samstarfi við foreldra. Taka skal tillit til aðstæðna og þarfa nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

10. grein

Starfsmönnum skóla er óheimilt að neyta aflsmunar nema nauðsyn krefji til að stöðva ofbeldi eða koma í veg fyrir að nemandi valdi sjálfum sér eða öðrum skaða eða eignatjóni.

Umsjónarkennari skal ávallt greina foreldri/forráðamanni við fyrsta tækifæri frá hegðunarfrávikum eða sjá til þess að það verði gert.

Viðurlög við brotum á skólareglum

Fylgi nemandi ekki almennum skólareglum og umgengnisvenjum skal reynt til þrautar að efla skilning hans á viðunandi hegðun. Ef það tekst ekki skal umsjónarkennari hafa samband við foreldri eða forráðamann og kalla eftir samstarfi til lausnar á vandanum. Leita skal ástæðu fyrir hverju broti og finna lausn í samræmi við það.

Verði hegðun nemanda til þess að ekki náist vinnufriður í kennslustofu skal ræða við viðkomandi í þeim tilgangi að glæða skilning svo að hegðunin endurtaki sig ekki. Við ítrekuð brot vegna truflunar, áreitni, orðbragðs eða hættu á að viðkomandi skaði sjálfan sig eða aðra er heimilt að vísa nemanda úr tíma og verður hann þá að vera í umsjá starfsmanns sem fer með nemandann í einrúm og gefur honum færi á að jafna sig.

Í kjölfar alvarlegra eða ítrekaðra brota boða skólastjórnendur til fundar með foreldrum og forráðamönnum eins fljótt og auðið er til að ræða stöðuna sem upp er komin og fara í lausnaleyti í kjölfarið.

Ef ítrekuð brot eru alvarleg eða stefna lífi eða heilsu í hættu innan skólans má vísa nemanda um stundarsakir úr skóla á meðan reynt er að finna lausn á máli hans (sbr. reglugerð nr. 1040/2011 um skólareglur í grunnskólum).

Við ítrekuð brot verður málum vísað til nemendaverndarráðs, sérfræðipjónustu, barnaverndar eða skólanefndar, allt eftir eðli málsins.

Ef nemendur verða uppvísir að notkun tóbaks, nikótínþúða, rafretta, áfengis eða annarra vímuefna skal hafa samband við foreldri eða forráðamann og láta skólastjóra vita.

Komi til aðgerða vegna brota á skólareglum skal ávallt tilkynna þær foreldri eða forráðamanni og fara að stjórnsýslulögum.

Við meðferð agabrota er tekið mið af reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum 1040/2011 sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur sett.